

Marianna Gunnarsdóttir

Ég heiti Marianna Gunnarsdóttir og býð mig fram til setu í aðalstjórn HRFÍ. Ég bý í Mosfellsdal ásamt manni mínum og eigum við og ræktum ástralska fjárhunda undir nafni Víkur ræktunar.

Ég bjó í Ásahreppi, Rangárvallasýslu, fram til 10 ára aldurs en þá flutti ég með fjölskyldu minni til Reykjavíkur og hefur nánast alltaf verið hundur á mínu heimili. Fyrsti hundurinn sem var á æskuheimili mínu var Collie tík og síðan tóku íslenskir fjárhundar við. Við maðurinn minn eignuðumst okkar fyrsta ástralska fjárhund í lok árs 2010 og kom hún til landsins í upphafi árs 2011 og þá var ekki aftur snúið, ég var komin á bólakaf í hundana. Nú eru 4 prinsessur á heimilinu ásamt 1 enskum bolabít. Við höfum stundað hundarækt síðan 2012 en hef ég þó mun lengri reynslu af ræktun í gegnum hrossarækt þar sem ég hef stundað hestamennsku frá blautu barnsbeini og hafa foreldrar mínir rekið hrossaræktarþú alla mína tíð og hef ég tekið þátt í ræktuninni með þeim í góð 30 ár.



Ég hef starfað við bókhald í yfir 25 ár og starfa sjálfstætt í dag en ég sé um rekstur og bókhald fyrir nokkur fyrirtæki. Heimasíðugerð hefur verið áhugamál hjá mér í mörg ár og hef ég hannað nokkrar síður fyrir vini og kunningja og sé um hluta þeirra enn þann dag í dag.

Ég hef ekki mikla reynslu af störfum innan HRFÍ nema þá helst sem áhorfandi og virkur þátttakandi í sýningum félagsins og gæti því komið með nýja sín á marga þætti innan félagsins. En ég var þó skoðunarmaður reikninga félagsins árin 2015 - 2018. Þrátt fyrir að hafa ekki unnið mikið innan félagsins hef ég mjög mikla reynslu af félagsmálum í gegnum hestamenskuna en þar hef ég setið í stjórn fjölda nefnda og félaga en hæst ber að nefna að ég sat í stjórn Hestamannafélagsins Fáks samtals í 6 ár. Sat í 8 ár í stjórn Landssambands hestamannafélaga fyrstu 4 árin sem gjaldkeri samtakanna og svo í 4 ár sem varamaður, sat í 3 ár í stjórn Meistaradeildar í hestaíþróttum, var gjaldkeri landsliðsnefndar Landssambands Hestamannafélaga, sat í Æskulýðsnefnd Fáks og Íþróttanefnd Fáks, var sýningarstjóri á hinni geysivinsælu sýningu Æskan og hesturinn, var virkur hestaíþróttadómari í 10 ár ásamt mörgum öðrum stærri og minni störfum innan hestamenskunnar.

Hundaræktarfélagið og rekstur þess hefur ekki farið varhuga af því fordæmalaus ástandi sem hefur verið í þjóðfélaginu undanfarið ár. Þrátt fyrir blómlegt ræktunarstarf og metfjölda í got skráningum á tímabilinu hefur starfsemin að hluta til verið lömuð en mun vonandi fara á fullt aftur seinni hluta þessa árs. Þó að félagið hafi að hluta til legið í dvala undanfarið ár má ekki gleyma því að margt gott hefur gerst hjá félaginu okkar.

Seinni hlutinn af nýja tölvukerfinu er í þróun og hef ég m.a. komið aðeins að prófunum á því og verður það mikil búbót og hagræðing fyrir félagið þegar það verður tekið í notkun að fullu.

Rafrænir fyrirlestrar eru frábær nýjung hjá félaginu sem hafa hlotið mjög góðar viðtökur hjá félagsmönnum og greinilega eitthvað sem er komið til að vera og þarf að þróa áfram. Þetta er frábær leið til að miðla upplýsingum til félagsmanna á einfaldan hátt og þarf félagið að nýta sér betur þá rafrænu bylgju sem sem hefur myndast á þessum tímum til að auka sýnileika félagsins á samskiptamiðlum. En ég tel félagið eiga mikið inni þar og m.a. þegar kemur að Sámi félagsriti félagsins til margra ára en er því miður farinn að kosta félagið of mikið ár frá ári. En ég tel að huga þurfi betur að

og nýta þá tekjumöguleika sem í honum eru ásamt því að skoða aðra möguleika með birtingarform hans.

Auka þarf samskipti innan félagsins allt frá stjórn niður í hinn almenna félagsmann og tel ég að endurvakning á fulltrúaráðsfundum gæti verið hluti af því. Því félagið er ekki bara stjórn þess heldur við öll og þurfum við að vera dugleg að miðla upplýsingum okkar á milli til að félagið starfi sem best sem ein heild.

Verklagsreglur nefnda er eitthvað sem þarf alltaf að vera í þróun og þarf að búa þær til þar sem þær eru ekki fyrir hendi til að auka skilvirkni innan nefndanna sjálfra.

Með blómlegu ræktunarstarfi hefur félagsmönnum í félaginu fjölgað og þurfum við að taka fagnandi á móti þeim og ná að virkja þá í starfsemi félagsins og deilda þess til að laða að hina almennu hundeigendur.

Eitt brýnasta verkefni nýrrar stjórnar er að koma starfsemi félagsins á fullt aftur og þurfum við öll, ekki bara stjórn, að haldast í hendur og leggja okkar á vogarskálarnar til að félagið okkar rísi aftur sterkt upp úr þeim dvala sem takmarkanir í þjóðfélaginu hafa sett það í.

Kæru félagar ég vona að ég fái ykkar atkvæði og traust til að vinna fyrir félagið en ég tel mig hafa margt til brunns að bera félaginu okkar til góða.